

Fimmti fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Árið 2019, þriðjudaginn 27. ágúst kl. 20.30 kom Lýðheilsu og æskulýðsnefnd saman til fundar í Hvammi.

5. fundur kjörtímabilsins 2018 – 2022.

Mættir til fundar: Guðríður Eva Þórarinsdóttir formaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari, Heimir Sigurðsson nefndarmaður.

Dagskrá:

1. Skipun í ungmennaráð:

Sveitarstjórn óskar eftir að eftirfarandi stofnanir tilnefni samtals fimm fulltrúa í ungmennaráðið og fimm til vara. Tilnefning eigi sér stað fyrir 20. september ár hvert. Fulltrúi verður að hafa lögheimili í Hrunamannahreppi. • Einn fulltrúi úr 9. eða 10. bekk Flúðaskóla og einn til vara sem valinn er árlega. Nemendaráð Flúðaskóla velja fulltrúa skólans. • Einn fulltrúi úr Félagsmiðstöðinni Zero og einn til vara sem valinn er árlega. Zero nefndin velja fulltrúa Zero. • Þrír fulltrúar og þrír til vara sem Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps velur úr hópi þeirra sem eru ekki á grunnskólaaldri. Kjörnir eru einn og tveir aðal- og varamenn til skiptis í eitt ár og hinir í tvö ár. Skólanefndin skal við valið hafa að leiðarljósi að þessir fulltrúar endurspegli sem breiðastan hóp þessa aldurshóps í Hrunamannahreppi. Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 20. september til 10. júní, ár hvert. Nefndin vinnur að því að finna fulltrúa og í ungmennaráð mun skila inn nöfnum þeirra við fyrsta tækifæri.

2. Áherslur sl. árs

- a. Kaldi potturinn í sundlauginni ennþá ótengdur, nefndin vill ýta á að þessu verði kippt í lag.
- b. Opnunartími sundlaugar.
 - i. Opnunartími sundlaugar ennþá óbreyttur.
 - ii. Nefndin hefur áhyggjur af því að tillaga um að hafa lokað einn dag vikunnar gæti skert lífsgæði þeirra einstaklinga sem nýta sundlaugina daglega til líkamlegrar og andlegrar heilsubótar.
 - iii. Viljum við í nefndinni leggja til fyrri tillögur okkar að opnunartíma í sundlaug. Opnunartími í sundlaug, tillaga að breytingu að opnunartíma
 1. 3x í viku opnað 6.30 – 8.30, nýta húsvörð í íþróttahúsi og svo aftur seinnipartinn frá 17.00/18.00 – 21.00
 2. 2x í viku kl 16.00 – 21.00.”
 3. Óbreyttur opnunartími um helgar.

3. **Aðgerðir gegn kynferðislegu áreiti og ofbeldi í íþróttá- og æskulýðsstarfi.** Sveitastjórn vísaði málinu til heilsueflandi samfélags 4. október 2018. Telur nefndin að þetta málefni sé mikilvægt þess vegna þurfi að hefjast handa sem fyrst að útbúa verklagsreglur. Verkefnið heiluseflandi samfélag er nýtt verkefni og er enn í vinnslu og áherslur næsta árs eru hreyfing og útivera og því má ætla að heilsueflandi samfélag komist ekki í þessa vinnu fyrr en eftir 1 til 2 ár. Það þykir nefndinni of seint. Nefndin er tilbúin að taka þetta verkefni að sér á næsta fundi og koma með drög að verklagsreglum ef sveitastjórn óskar eftir því.

Farið yfir fundargerð í lok fundar og hún samþykkt einhljóða.

Fundi slitið kl 22.00